





# Skýringar

Endurgreiðslubeiðni þessi skv. reglugerð nr. 449/1990 varðar **aðkeypta vinnu verktaka á byggingarstað við nýbyggingu á íbúðarhúsnæði**. Hún tekur ekki til **ein-staklinga og annarra aðila sem eru í byggingarstarfsemi á eigin kostnað til sölu eða leigu** í skilningi reglugerðar nr. 576/1989.

## A. Tímabil framkvæmda

Hér skal tilgreina á hvaða tíma verk var unnið sem endurgreiðslubeiðnin varðar.

## B. Eigandi íbúðarhúsnæðis (umsækjandi)

Eigandi íbúðarhúsnæðis er jafnan réttihafi (umsækjandi) endurgreiðslu. Við eigendaskipti á sá þó rétt til endurgreiðslu sem greitt hefur reikning þann sem endurgreiðslan tekur til.

Tilgreina þarf tegund byggingar sem endurgreiðslubeiðnin varðar. Koma skulu fram upplýsingar um á hvaða byggingarstigi umrædd fasteign telst vera, þ.e. grunnur, fókheld, tilbúið undir tréverk, íbúðarhæft en ekki fullgert, fullgert.

## C. Greitt fyrir aðkeypta vinnu verktaka á byggingarstað

Hér skal færa upplýsingar um aðkeypta vinnu verktaka sem unnið hafa við framkvæmdir á byggingarstað.

**1. Tegund vinnu:** Tilgreina skal tegund vinnu, s.s. tré smíði, múrverk, pípulagnir, raflagnir, málun, þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga.

**2. Vinna á byggingarstað án virðisaukaskatts:** Hér skal færa greiðslur vegna þeirrar vinnu verktaka á byggingarstað sem virðisaukaskattur fæst endurgreiddur af.

**3. Virðisaukaskattur af vinnu á byggingarstað:** Hér skal færa virðisaukaskatt af vinnu verktaka á byggingarstað.

## D. Verktakar sem unnið hafa við framkvæmdirnar

Hér skal tilgreina nöfn þeirra verktaka er gáfu út sölu-reikninga vegna vinnu við nýbyggingu á húsnæði sem endurgreiðslubeiðnin er byggð á. Tilgreina þarf vsk-númer þeirra og heildarfjárhæð reikninga. Heildarfjárhæð þessi skal vera með virðisaukaskatti. Útfylling í staflið D telst ígildi launamiða.

## Endurgreiðslutímabil og afgreiðslutími

Hvert endurgreiðslutímabil er tveir mánuðir: janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember.

Beiðni skal berast skattstjóra í því umdæmi þar sem umsækjandi á lögheimili í síðasta lagi 15. dag næsta mánaðar eftir að endurgreiðslutímabili lýkur. Þannig þarf beiðni fyrir janúar og febrúar að berast skattstjóra fyrir 15. mars. Berist beiðni eftir skiladag þá verður hún afgreidd á því uppgjörstímabili sem hún berst.

Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á réttum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar eftir skiladag. Framangreindur frestur framlangist ef skattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum sem beiðnin byggist á.

Sérstök athygli skal vakin á því að **frumrit greiddra sölureikninga** skulu fylgja beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu við nýbyggingar. Hafi seljandi þjónustu ekki kvittað fyrir greiðslu á sölureikninginn sjálfan þarf **greiðslukvittun** líka að fylgja með.

Þeir, sem óskað hafa endurgreiðslu vegna nýbygginga, **skulu senda skattstjóra húsbyggingarskýrslu** (RSK 3.03) með skattframtali sínu.

## Gildistími

Á tímabilinu 1. mars 2009 til 1. janúar 2011 skal endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað.

Jafnframt skal á sama tímabili endurgreiða byggjendum íbúðarhúsnæðis og frístundahúsnæðis 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem löggildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum vegna hönnunar eða eftirlits við byggingu þess háttar húsnæðis.